15. Hákon konúngr var vel kristinn, er hann kom í Noreg, en fyrir því at þar var land allt heiðit, ok blótskapr mikill, ok stórmenni mart; en hann þóttist liðs þurfa mjök ok alþýðu vinsæld; þá tók hann þat ráð, at fara leyniliga með kristninni, hèlt sunnodaga ok frjádagafösto ok minning hinna stærsto hátíða. Hann setti þat í lögom, at hefja jólahald þann tíma, sem kristnir menn, ok skyldi þá hverr maðr eiga mælis öl, en gjalda fe ella, ok halda heilagt meðan öl ynnist; en áðr var jólahald hafit Höko-nótt, þat var miðsvetrar nótt, ok haldin þriggja náttu jól. Hann ætlaði svá, er hann festist í landino, ok hann hefði frjálsliga undir sik lagt allt landit, at hafa þá fram kristniboð. Hann gerði svá fyrst, at hann lokkaði þá menn, er hánom váro kærstir til kristni; kom svá með vinsæld hans, at mjök margir létu skírast, en sumir létu af blótom. Hann sat löngom í Þrándheimi, þvíat þar var mestr styrkr landsins. En er Hákon konúngr þóttist fengit hafa styrk af nokkorum ríkismönnum, at halda upp kristninni, þá sendi hann til Englands eptir biskupi ok öðrum kennimönnum; ok er þeir komu í Noreg, þá gerði Hákon konúngr þat bert, at hann vildi bjóða kristni um allt land, en Mœrir ok Raumdœlir skuto þannug síno máli, sem Þrændir váro. Hákon konúngr lét þá vígja kirkjor nokkorar, ok setti þar presta til. En er hann kom í Þrándheim, þá stefndi hann þíng við bæendr, ok bauð þeim kristni. Þeir svara svá, at þeir vilja þesso máli skjóta til Frostapíngs, ok vilja þá at þar komi menn or öllum fylkjom, þeim sem ero í Þrændalögom; segja at þá máno þeir svara þesso vandmæli.

17. Hákon konúgr kom til Frostapíngs, ok var þar komit allfjölmennt af bóndom. En er þíng var sett, þá talaði Hákon konúgr, hefr þar fyrst, at þat var boð hans ok boen við boendr ok búpegna, ríka ok úríka, ok þar með við alla alþýðo, únga menn ok gamla, sælan ok vesælan, konur sem karla, at allir menn skyldo kristnast láta, ok trúa á einn guð, Krist Maríuson, en hafna blótum öllum ok heiðnom goðum, halda heilakt hinn 7da hvern dag við vinnom öllum, fasta ok hinn 7da hvern dag.

En Þegar er konúgr hafði þetta uppborit fyrir alþýðo, þá varð þegar kurr mikill, kurroðo boendr um þat, er konúgr vildi vinnur taka af þeim, ok segja at við þat mátti landit eigi byggja; en verkalyðr ok þrælar kölluðu, at þeir mætti eigi vinna, ef þeir skyldi eigi mat hafa: sögðu ok at þat var skaplöstr Hákonar konúgs, sem föður hans ok þeirra frænda, at þeir váro illir af mat sínom, þótt þeir væri mildir af gulli.

Ásbjörn af Meðalhúsom or Gaulardal stóð upp, ok svarar eyrindi konúgs ok mælti. Þat hugðu ver boendr, Hákon konúgr! segir hann, at þá er þú hafðir et fyrsta þíng haft her í Prándheimi, ok höfðom þik til konúgs tekit, ok þegit af þer óðöl vár, at ver hefðim þá himin höndom tekit; en nú vitom ver eigi hvárt heldr er, at ver mánom frelsi þegit hafa, eða mantu nú láta þrælka oss af nýjo með undarligom hætti, at ver munim hafna átrúnaði þeim, er feðr várir hafa haft fyrir oss, ok allt forellri, fyrst um brunaöld, en nú um haugsöld, ok hafa þeir verit miklo göfgari en ver, ok hefir oss þó dugat þessi átrúnaðr. Ver höfum lagt til yðar svá mikla ástúð, at ver höfum þik ráða látit með oss öllum lögum í landino ok landsrètt. Nú er þat vili várr ok samþykki, bóndanna, at halda þau lög, sem þú settir oss her á Frostapíngi, ok ver játaðom þer; viljom ver allir þer fylgja, ok þik til konúgs halda, meðan einhverr er lífs bóndanna þeirra, er her ero nú á þíngino, ef þú, konúgr, vill nokkut hóf viðhafa, at beiða oss þess eins, er ver megom veita þer, ok oss se eigi ógeranda. En ef þer vilit þetta mál taka með svá mikilli freko, at deila afli ok ofríki við oss, þá höfum ver boendr gert ráð várt, at skiljast allir við þik, ok taka oss annan höfðingja, þann er oss haldi til þess, at ver munim í frelsi hafa þann átrúnað, sem [ver viljom. Nú skaltu, konúgr, kjósa um kosti þessa, áðr þíng se slitit.

At eyrindi þesso gerðu boendr róm mikinn, ok segja at þeir vilja svá vera láta.

En er hljóð fékkst, þá svarar Sigurðr jarl: Þat er vili

Hákonar konúngs, at samþykkja við yðr, bæendr, ok láta aldri skilja yðra vinátto. Bæendr segja at þeir vilja, at konúngr blóti til árs þeim ok friðar, svá sem faðir hans gerði, staðnar þá kurrinn, ok slíta þeir þíngino. Síðan talaði Sigurðr jarl við konúng, ok bað hann eigi nemast með öllu, at gera sem bæendr vildi, sagði at eigi mundi annat lýða, en sveigja til nokkot við bæendr: er þetta, konúngr, sem sjálfir þer megut heyra, vili ok ákafi höfðingja ok þar með alls fólks; skolo ver, konúngr, her finna til gott ráð nokkut; ok samdist þat með þeim konúngi ok jarli.

16. Sigurðr Laða-jarl var hinn mesti blótmaðr, ok svá var Hákon fadir hans; hélt Sigurðr jarl upp blótveizlom öllum af hendi konúngs þar í Prændalögum.

Þat var forn siðr, þá er blót skyldi vera, at allir bæendr skyldo þar koma, sem hof var, ok flytja þannug fong sín, þau er þeir skyldo hafa, meðan veizlan stóð. At veizlo þeirri skyldo allir menn öl eiga: þa var ok drepinn allskonar smali ok svá hross, en blóð þat allt, er þar kom af, þat var kallat hlaut, ok hlautbollar þat, er blóð þat stóð í, ok hlautteinar, þat var svá gert sem stöklar, með því skyldi rjóða stallana öllu saman, ok svá veggi hofsins utan ok innan, ok svá stökkva á mennina; en slátrit skyldi sjóða til mannfagnaðar. Eldar skyldo vera á miðjo gólfi í hofino, ok þar katlar yfir, ok skyldi full um eld bera. En sá er gerði veizlona, ok höfðingi var, þá skyldi hann signa fullit ok allan blótmatinn. Skyldi fyrst Óðins full, [skyldi þat drekka til sigrs ok ríkis konúngi sínom, en síðan Njarðar full ok Freys full til árs ok friðar. Þá var mörgum mönnum títt at drekka þarnæst Braga full; menn drukko ok full frænda sinna, þeirra er gösgir höfðo verit, ok váro þat minni kölluð.

Sigurðr jarl var manna örvastr; hann gerði þat verk, er frægt var mjök, at hann gerði mikla [blótveizlo á Hlöðom, ok hélt einn upp öllum kostnaði.

18. Um haustit at vetrnóttum var blótveizla á Löðom, ok sótti þartil konúngr. Hann hafði jafnan fyrr verit vanr, ef hann var staddr þar sem blót váro, at matast í litlu húsi með fá menn; en bæendr töldo at því, er hann sat eigi í háseti síno, þá er mestr var mannfagnaðr; sagði jarl, at hann skyldi eigi þá svá gera, var ok svá at konúngr sat í háseti síno. En er et fyrsta full var skenkt, þá mælti Sigurðr jarl fyrir, ok signaði Óðni, ok drakk af horninu til konúngs; konúngr tók við, ok gerði krossmark yfir: þá mælti Kárr af Grátingi:

hví ferr konúgrinn nú svá? vill hann eigi enn blóta? Sigurðr jarl svarar: konúgr gerir svá, sem þeir allir, er trúa á mátt sinn ok megin, ok signa full sitt Þór; hann gerði hamarsmark yfir, áðr hann drakk. Var þá kyrt um kveldit. Eptir um daginn, er menn gengo til borða, þá þusto bæendr at konúngi, sögðu at þá skyldi hann eta brossaslátr; konúgr vildi þat firir engan mun. Þá báðu þeir hann drekka soðit; hann vildi þat eigi. Þá báðu þeir hann eta flotit; hann vildi þat ok eigi; [ok var þá við atgöngu búit.

[Jarl kvaðst vildu sætta þá, ok bað þá hætta storminom, ok bað hann konúng gína yfir ketilhödduna, er soðreykinn hafði lagt upp af hrossaslátrino, ok var smjörug haddan; þá gekk konúgr til, ok brá líndúk um hödduna, ok gein yfir, ok gekk síðan til hásetis, ok líkaði hvarigom vel.

19. Um vetrinn eptir var búit til jólaveizlo konúngi inn á Mœri; en er atleið jólunom, lögðu þeir stefno með ser átta höfðingjar, er mest reðu fyrir blótum í öllum Prændalögum; þeir váro 4 utan or Prándheimi: Kárr af Grýtingi ok Ásbjörn af Meðalhúsum, Þórberg af Varnesi, Ormr af Ljoxu; en af Innþrændom Bótólfr af Ölvishaugi, Narsi af Staf í Veradal, þrándr haka af Eggjo, Þórir skegg af Húsabœ í eynni lðri: þessir 8 menn bundust í því, at þeir fjórir af [Úþrændom skyldu eyða kristninni, en þeir fjórir af Innþrændom skyldu neyða konúng til blóta. Úþrændir fóro 4 skipom suðr á Mœri, ok drápo þar presta 3, ok brenndo kirkjor 3, [fóro aptr síðan. En er Hákon konúgr ok Sigurðr jarl komu inn á Mœri með hirð sína, þá váro þar bæendr komnir allfjölmennt. Hinn fyrsta dag at veizlonni [veitto bæendr, konúngi atgöngo, ok báðu hann blóta, en hëto hánom afarkostom ella; Sigurðr jarl bar þá sáttmál í millom þeirra, kömr þá svá at Hákon konúgr át nokkura bita af hrosslifr; drakk hann þá öll minni krossalaust, þau er bæendr skenktu hánom.

En er veizlo þessarri var lokit, fór konúgr ok jarl þegar út á Hlaðir; var konúgr allúkátr, ok bjóst þegar í brott með öllu liði síno or Prándheimi, [ok mælti svá, at hann skyldi fjölmennari koma í Prándheim annat sinn, ok gjalda bóndom þenna fjandskap, er þeir höfðu til hans gert. Sigurðr jarl bað konúng gefa Prændom þetta eigi at sök; segir svá at konúngi muni eiga þat duga at heitast eðr herja á innanlands fólk, [þar sem mestr styrkr er landsins, sem í Prándheimi var. Konúgr var þá svá reiðr, at eigi mátti orðom við hann koma; fór hann í brott or Prándheimi, ok suðr á Mœri; dval-

dist þar um vetrinn ok um várit. En er sumraði dró hann lið at ser, ok váro þau orð á, at hann mundi fara með her þann á hendr þrændom.

20. [Hákon konúgr var þá á skip kominn, ok hafði lið mikit; þá koma hánom tíðindi sunnan or landi, þau at synir Eiríks konúgs váro komnir sunnan af Danmörk í Víkina; ok þat fylgði, at þeir höfðu elt af skipom Tryggva konúg Ólafsson austr við Sótanes; höfðu þeir þá víða herjat í Víkinni, ok höfðu margir menn undir þá gengit. En er konúgr spurði þessi tíðindi, þóttist hann liðs þurfa, sendi hann þá orð Sigurði jarli, at koma til sín, ok svá öðrum höfðingjom, þeim er hánom var liðs at van. Sigurðr jarl kom til Hákonar konúgs, ok hafði allmikit lið; váro þar þá allir Þrændir, þeir er um vetrinn höfðu mest gengit at konúginom, at pynda hann til blóta; váro þeir þá allir [í sætt teknir af fortölum Sigurðar jarls.

Mannjafnaðr með konúngum.

Eysteinn konúgr ok Sigurðr konúgr fóro einn vetr báðir at veizlom á Upplöndom, ok átti sín bú hvárr þeirra; en er skamt var milli þeirra bæja, er konúgar skyldo veizlor taka, þa gerðu menn þat ráð, at þeir skyldu báðir vera samt at veizlonom, ok síno sinni at hvárs búum; váro þeir fyrst báðer samt at því búi, er Eysteinn konúgr átti. En of kveldit, er menn tóku at drekka, þá var munngát ekki gott, ok váro menn hljóðer. Þá mælti Eysteinn konúgr: [Þó ero menn hljóðer! hitt er ölsiðr meiri, at menn geri ser gleði; fáam oss ölteiti nökkura, man þá enu áreitast gaman manna. Sigurðr bróðir! Þat mun öllum sœmst þykkja, at við hefim nökkurar skemt-unarrœður. Sigurðr konúgr svarar heldr stygt: ver þú svá málugr sem þú vill, en lát mik ná at þegja fyrir þer!

Eysteinn konúgr mælti: sá ölsiðr hefir opt verit, at menn taka ser jafnaðarmenn, vil ek her svá vera láta. Þá þagðe Sigurðr konúgr.

Se ek, segir Eysteinn konúgr, at [ek verð at hefja þessa teiti; mun ek taka þik, bróðer! til jafnaðarmanns mer: fœri ek þat til, at jafnt nafn höfom við báðer, ok jafna eign, geri ek ok engi mun ættar okkarrar eða uppfœzlu.

Þá svarar Sigurðr konúgr: mantu þat eigi, er ek braut þik á bak, ef ek vilda, ok vartu vetri ellri!

Eysteinn konúgr svaraði: eigi man ek hitt siðr, er þu fækkt ekki leikit, þat er mjúkleikr var í.

Þá mælti Sigurðr konúgr: mantu hversu of sundet fór með okkr? ek máttu kefja þik, ef ek vilda!

Eysteinn sagði: ekki svam ek skemra en þú, ok eigi var ek verr kafsýndr; ek kunna ok á ísleggjom, svá at engan vissa ek, þann [er kepðe við mik, en þú kunnir þat eigi heldr en naut.

Sigurðr konúgr svarar: höfðingligri iðrótt ok nytsamligri þykki mer sú, at kunna vel við boga; ætla ek at þú nýtir eigi boga minn, þóttu spyrnir sótom í.

Eysteinn segir: ekki em ek bogsterkr svá sem þú, en minna mun skilja beinskeyti okkra, ok myklo kann ek betr en þú á skiðom, ok hafðe þat enn [verit kallat fyrr góð iðrótt.

Sigurðr segir: þess þykkir mikill munr, at þat er höfðingligra, at sá er yfirmaðr skal vera annarra manna, se mikill í flokki, sterkr ok vápnfærr betr en aðrir, auðsær ok auðkendr, þá er [margir eru saman.

Eysteinn segir: eigi er þat siðr einkanna hlutr, at maðr se fríðr sánom, ok er sá ok auðkendr í mannfjölda, þikki mer þat ok höfðingligt, þvíat fríðleikinom samir hinn bezti búnaðr. Kann ek ok myklo betr til laga en þú; ok svá, hvat sem við skolum tala, em ek myklo sléttorðari.

Sigurðr svarar: Vera kann at þú hafir numit fleiri lögpretto, þvíat ek átta þá annat at starfa; ok engi frýr þer sléttmælis, en hitt mæla margir, at þú ser ekki allfastorðr, ok lítið mark se hverjo þú heitr, ok mælir eptir þeim er þá ero hjá, ok er þat ekki konúnglikt.

Eysteinn svarar: þat herr til þess, er menn bera mál sín fyrir mik, þá hugsa ek þat fyrst, at lúka svá hvers manns máli, at þeim mætti bezt þykkja; þá kemr opt annarr, sá er mál á við hann, verðr þá jafnan dregit til ok miðlat, svá at báðom skyldi líka. Hitt er ok, at ek heit því er ek em beðenn, þvíat ek vilda, at allir færi fegnir af mínom funde; se ek hinn kost, ef ek vil hafa sem þú gerir, at heita öllum illu, en engi heyri ek efndanna frýja.

Sigurðr svarar: þat hefir verit mál manna, at ferð sú er ek fór or lande væri heldr höfðinglig, en þú sazt heima meðan, sem dóttir föður þíns.

Eysteinn svarar: nú greiptu á kýlino! eigi mynda ek þessa ræðo vekja, ef ek kynna her engu [um at svara: nær þótti

mer hino, at ek gerða þik heiman sem systor mína, að þú yrðir búinn til fararinnar.

Sigurðr svarar: heyrnt muntu þat hafa, at ek átta orrostor margar í Serklandi, ok fékk í öllum sigr, ok margskonar gjör-simar, þær er eigi hafa slíkar komit hingat í land; þóttu ek þar mest verðr, er ek fann göfgasta menn, en ek hygg, at eigi hafir þú enn [hleypt heimdreganom. Fór ek til Jórsala, segir hann, ok kom ek við Púl, ok sá ek þig eigi þar, bróðir! Ek gaf konúngdóm Rodgeiri jarli hínom ríka; vann ek átta orrostor, ok vartu at aungarri. Fór ek til grafar drottins, ok sá ek þig eigi þar, bróðir! Fór ek í ána Jórdán, þar sem drottinn [var skírðr í, ok svam ek út yfir ána, ok sá ek þig eigi þar, [en út á bakkanom var kjarr nökkut', ok knýttu ek þer þar knút á kjarrino, ok bíðr þín þar; [ok mæltu ek svá fyrir, at þú skylder leysa, bróðer! eða hafa ellar þvílíkan formála, sem þar var álagðr.

Þá mælti Eysteinn konúngur: smátt mun ek hafa herímóti: Norðr í Vágom setta ek fiskimannabúðir, at sátækir menn mætti nærast til lífshjálpar, ok setta ek þar prestvist, ok lagða ek fe til kirkju þeirrar, er nálíga var allt heiðit áðr; máno þeir menn muna, at Eysteinn konúngur hefir verit í Noregi. Um Dofra fjall var för or Þrándheimi; urðo menn þar jafnan úti, ok sóro þar margir menn hörðom förum, lét ek þar sælohús gera, ok fe tilleggja, ok munu þeir vita, at Eysteinn konúngur hefir verit í Noregi. Fyrir Agðanesi voru öræfi ok hafnleysi, fórust mörg skip; þar er nú höfn ger ok gott skipalægi, ok kirkja gjör. Síðan lét ek vita gera á háfjöllom; nú munu þessa njóta allir menn innanlands. Höllina lét ek gera í Björgyn ok postulakirkju ok rið milli; munu konúngar þeir muna nafn mitt, er eptir koma. Mikjalskirkju lét ek gera ok múnklifi; skipaða et ok lögonom, bróðir, at hverr mætti hafa réttindi við annan, ok ef þau ero haldin, þá mun betr fara landsstjórnin. Stöpulinn lét ek gera í Sinbólmsundi. Þeim jamtom höfom ver ok snúit undir þetta ríki, meir með bliðom orðom ok viti en með ágáng eðr ófriði. Nú er þetta smátt at telja, en égi veit ek víst at landsbúunom se þetta óhallkvæmara, en þótt þú brytjaðir blámenn fyrir fjandann [á Serklandi, ok hrapa þeim svá til helvítis. En þar sem þú hrósaðir góðgerníngom þínom, ætla ek mer eigi minna til sálubótar staði þá, er ek lét setja hreinlífismönnum. En þar sem þú reitt mer knútinn, ok mun ek þann eigi leysa, en ríða máttu ek þer þann knút, [ef ek vilda, at þú værir aldregi konúngur í Noregi, þá er þú

sigldir einskipa í her minn, er þú komt í land. Líti nú vittrir menn hvat þú hefir umfram, ok vita skulut þer þat, gullhálsarnir, at menn muno enn jafnast við iðr í Noregi. Eptir þat þögnuðo þeir baðer, ok var hvártveggi reiðr. Fleiri lutir urðo þeir í skiptom þeirra bræðra, er þat fanst, at hvárr dró sik fram ok sitt mál, ok vildi vera öðrom meiri, en þó hëlzt friðr [millum þeirra, meðan þeir lifðo.

Af Njálssaga.

Gunnarr á Hlíðarenda.

19... Gunnarr Hámundarson bjó at Hlíðarenda í Fljótshlíð; hann var mikill maðr vexti ok sterkr, [manna bezt vígr: hann hjó báðum höndum ok skaut, ef hann vildi, ok hann vá svá skjótt með sverði, at þrjú þóttu á lopti at sjá; hann skaut manna bezt af boga, ok hœfði allt þat er hann skaut til; hann hljóp meir en bæð sína með öllum herklæðum, ok eigi skemra aptr en fram fyrir sik; hann var syndr sem selr; ok eigi var sá leikr, er nokkurr þyrfti við hann at keppa; ok hefir svá verit sagt, at eingi væri hans jafnangi. Hann var vænn at yfirlitum ok ljós-litaðr, rétt-nefjaðr ok hafit upp í frammanvert, bláeygr ok snareygr, ok roði í kinnunum, hárit mikit, ok fór vel ok vel litt; manna kurteisast var hann, harðgjörri í öllu, femildr ok stiltr vel, vinfast ok vinavandr; hann var vel auðigr at fe; bróðir hans hêt Kolskeggr, hann var mikill maðr ok sterkr, drengr góðr ok öruggr í öllu. Annarr bróðir hans hêt Hjörtr, hann var þá í bernsku...

20... Njáll bjó at Bergþórshváli í Landeyjum, annat bú átti hann í Þórólfsfelli. Njáll var vel auðigr at fe ok vænn at álitum, hánom vox eigi skegg. Hann var lögmaðr svá mikill, at eingi fannst hans jafnangi; vitr var hann ok forspár, heilráðr ok góðgjarn, ok varð allt at ráði, þat er hann ræð mönnum, hógværr ok drenglyndr; hann leysti hvers manns vandræði, er á hans fund kom. •Bergþóra hêt kona hans, hon var Skarpheðins dóttir, kvennskörúngur mikill ok drengr góðr, ok nokkut skaphörð; þau áttu 6 bör, dótr þrjár ok sonu þrjá, ok koma þeir allir við þessa sögu síðan.

25... Nú skal nefna sonu Njáls: Skarpheðinn hêt hinn

elzti, hann var mikill maðr vexti ok styrkr, vel vígr, syndr sem slr, manna fóthvatastr, ok skjótr ok örugg, gagnorðr ok skjótorðr, ok skáld gott, en þó laungum vel stiltr; hann var jarpr á hár, ok sveipr í hárinu, augðr vel, fólleitr ok skarpleitr, liðr á nefi, ok lá hátt tanngarðrinn, munnljótr mjök, ok þó manna hermannligstr. Grímr hét annarr son Njáls, hann var friðr sánum, ok hærðr vel, dökkur á hár, ok friðari sánum en Skarpheðinn, mikill ok sterkr. Helgi hét inn þriðri son Njáls, hann var friðr sýnum ok hærðr vel, hann var styrkr maðr ok vígr vel, hann var vitr maðr ok stiltr vel; allir váru þeir ókvangaðir synir Njáls. Höskuldr hét hinn fjórði son Njáls, hann var laungetinn, móðir hans var Hróðný, ok var Höskulds dóttir, systir Íngjalds frá Keldum.

33. Gunnarr reið ok þeir allir, en er þeir komu á þing, þá váru þeir svá vel búinir, at öngir voru þar jafnvel búinir, ok fóru menn út or hverri búð at undrast þá. Gunnarr reið til búðar Rángæinga, ok var þar með frændum sínum. Margir menn fóru at finna Gunnarr, ok spyrja hann tíðinda; hann var við alla menn léttr ok kátr, ok sagði öllum slíkt er vildu.

Þat var einn dag, er Gunnarr gekk frá lögbergi, hann gekk fyrir mosfellíngabúð, þá sá hann kono fara í móti ser, ok var vel búin, en er þau fundust, kvaddi hon þegar Gunnar, hann tók vel kveðju hennar, ok spyr hvat kvenna hon væri. Hon nefndist Hallgerðr, ok kvaðst vera dóttir Höskulds Dalakollssonar; hon mælti til hans djarfliga, ok bað segja ser frá ferðum sínum, en hann kvaðst ekki varna mundu henni máls; settust þau þá niðr, ok töluðu. Hon var svá búin, at hon var í rauðu kytli, ok hafði yfir ser skallazskikkju [hlaðbúna í skaut niðr; hárit tók ofan á bríngu henni, ok var bæði mikit ok fagrt. Gunnarr var í skallazklæðum, er Haraldr konúgr Gormsson gaf hánnum; hann hafði ok gullhríng á hendi, þann er Hákon jarl gaf hánnum.

Þau töluðu lengi hátt, þar kom er hann spurði, hvárt hon væri ógefn. Hon sagði at svá væri: ok er þat [ekki margra at hætta á þat. Þikki þer hvergi fullkosta? Eigi er þat, segir hon, en mannvönd mun ek vera. Hversu munt þú svara, ef ek bið þín? Þat man þer ekki í hug, segir hon. Eigi er þat, segir hann. Ef þer er nokkurr hugr á, þá finn þú föður minn. Síðan skildu þau talit.

Gunnarr gekk þegar til búðar Dalamanna, ok fann mann úti fyrir búðinni, ok spyr hvárt Höskuldr væri í búð; sá segir at hann væri í búð; gekk þá Gunnarr inn. Höskuldr ok Rútr

tóku vel við Gunnari, hann settist niður á meðal þeirra, ok fannst þat ekki í tali þeirra, at þar hefði missætti verit í meðal. Þar kom niður ræða Gunnars, hversu þeir bræðr mundu því svara, ef hann bæði Hallgerðar. Vel segir Höskuldr, ef þer er þat alugat. Gunnarr segir ser þat alvöru: en svá skildu ver næstum, at mörgum mundi þat þikkja líkligt, at her mundi ekki samband verða. Hversu lízt þer, Rútr frændi? segir Höskuldr. Rútr svaraði: ekki þikki mer þetta jafnræði. Hvat finnr þú til þess? segir Gunnarr. Rútr mælti: því mun ek svara þer um þetta, er satt er; þú ert maðr vaskr, ok vel at þer, en hon er blandin mjök, ok vil ek þik í öngu svíkja. Vel man þer fara, segir Gunnarr, en þó mun ek þat fyrir satt hafa, at þer virðit í fornan fjandskap, ef þer vilit eigi gera mer kostinn. Eigi er þat, segir Rútr; meir er hitt, at ek se at þú mátt nú ekki viðgera; en þótt ver kaupim eigi, þá vil-dim ver þó vera vinir þínir. Ek hefi talat við hana, segir Gunnarr, ok er þat ekki fjarri hennar skapi. Rútr mælti: veit ek at báðum er þetta girnda ráð, hættit þit ok mestu til, hversu ferr.

Rútr sagði Gunnari ófregit allt um skapferði Hallgerðar, ok þótti Gunnari fyrst ærit mart, þat er áfátt var, en þar kom síðar, at saman dró kaupmála með þeim. Var þá sent eptir Hallgerði, var þá talat um málit, svá at hon var við. Létu þeir nú sem fyrr, at hon festi sik sjálf; skyldi þetta boð vera at Hlíðarenda, ok skyldi fara fyrst leyniliga, en þó kom þar, er allir vissu.

Gunnarr reið heim af þingi, ok kom til Bergþórshvols, ok sagði Njáli frá kaupum sínum; hann tók þessu þúngliga. Gunnarr spyr hví Njáli þótti þetta svá úráðligt? Þvíat af henni man standast allt it illa, er hon kemr austr hingat, segir Njáll. Aldri skal hon spilla okkru vinfengi, segir Gunnarr. Þat man þó [svá nær fara, segir Njáll, en þó mant þú jafnan bæta fyrir henni. Gunnarr bauð Njáli til boðs ok öllum þeim þaðan, sem hann vildi at færi. Njáll hét at fara. Síðan reið Gunnarr heim, ok reið um heraðit, at bjóða mönnum.

PART IV.

Modern Icelandic.

This part has been added for Travellers and for practical purposes; and will, it is hoped, be a welcome assistant for travellers in Iceland.

The Modern Orthography and Grammar is the same as the ancient, except *k*, which is in modern orthography frequently changed into the softer *g*, and *t*, which is frequently changed into *ð*.

Modern Icelandic.

For Travellers.

I. Alphabetical Vocabulary.

<i>accept</i>	ganga að	<i>afternoon</i>	síðari	hluti
<i>acceptable</i>	aðgengilegur		dags.	
<i>accommodate</i>	útvega	<i>again</i>	aptur	
<i>can you accom-</i>	getið þér út-	<i>age</i>	aldur	
<i>modate me</i>	vegað mér	<i>agent</i>	umboðsmaður	
<i>account</i>	reikningur	<i>air</i>	lopt	
<i>give me my ac-</i>	gefið mer reikn-	<i>ale</i>	öl	
<i>count</i>	inginn minn	<i>a glass of ale</i>	glas af öli	
<i>I admire</i>	eg dáist að	<i>all</i>	allur	
<i>advice</i>	ráð	<i>not at all</i>	alls eigi	
<i>give me your</i>	gefið mér yðar	<i>nothing at all</i>	alls ekkert	
<i>advice</i>	ráð	<i>alone</i>	einn, aleinn	
<i>after</i>	eptir	<i>also</i>	líka	

<i>altogether</i>	allir saman,	<i>bath</i>	bað
	alveg	<i>I want a bath</i>	eg vil fá bað
<i>always</i>	alltaf	<i>to be</i>	að vera
<i>and</i>	og	<i>be quick</i>	verið fljótur
<i>angler</i>	önglari	<i>let it be</i>	látið það vera
<i>animal</i>	dýr	<i>because</i>	af því að
<i>to answer</i>	að svara	<i>bed</i>	rúm
<i>answer me</i>	Gjörið svo vel	<i>give me a bed</i>	látið mig fá rúm
<i>please</i>	að svara mér	<i>I go to bed</i>	eg fer að háttu
<i>answer slowly</i>	svarið seint	<i>beef</i>	nautakjöt
<i>apartment</i>	herbergi	<i>roast beef</i>	{ nautakjöts-
<i>have you an</i>	hafið þér her-	<i>beef steakes</i>	{ steik
<i>apartment to</i>	bergi til	<i>beer</i>	bjór
<i>let?</i>	leigu?	<i>I want some</i>	eg vil fá bjór
<i>apple</i>	epli	<i>beer</i>	
<i>the arm</i>	handleggurinn	<i>to beg</i>	að biðja
<i>to arrive</i>	að koma	<i>I beg of you</i>	eg bið yður
<i>to ascend</i>	að fara uppá	<i>behind</i>	eptir
<i>I want to as-</i>	eg vil fara	<i>I left it be-</i>	eg skildi það
<i>cend the</i>	uppá fjallið	<i>hind</i>	eptir
<i>mountain</i>		<i>the bell</i>	bjallan, klukkan
<i>to ask</i>	að spyrja, biðja	<i>the bill</i>	reikningurinn
<i>ask him</i>	spyrjið hann	<i>to bind</i>	að binda
<i>to assist</i>	að hjálpa	<i>bind it up</i>	bindið það upp
<i>assist me</i>	hjálpið mér	<i>the bird</i>	fuglinn
<i>at</i>	í, á	<i>can you tell</i>	Getið þér sagt
<i>at home</i>	heima	<i>me where to</i>	mér, hvar
<i>at sea</i>	á sjó	<i>get board</i>	má fá kost
<i>not at all</i>	alls eigi	<i>and lodgings</i>	og húsnæði?
<i>attendant</i>	þénari	<i>boat</i>	bátur
<i>I want an at-</i>	eg vil fá þén-	<i>book</i>	bók
<i>tendant</i>	ara	<i>bookseller</i>	bókasöllumaður
<i>back</i>	aptur	<i>boot</i>	stígvél
<i>let us go back</i>	förum aptur, snúum aptur	<i>I want my</i>	eg þarf að fá
<i>bacon</i>	flesk	<i>boots mended</i>	gjört við stíg- vélin mín
<i>bad</i>	vondur	<i>brush</i>	my burstaðu stíg- vélin mín
<i>bandage</i>	umbúðir	<i>boots</i>	
<i>bank</i>	banki		
<i>bank note</i>	bankaseðill		
<i>banker</i>	víxlari		
<i>the barber</i>	rakarinn		

<i>boot jack</i>	stígvéla togari	<i>candle</i>	kerti
<i>box</i>	askja, kassi	<i>I want a candle</i>	eg þarf kerti
<i>brandy</i>	brennivín, koníakk	<i>care</i>	umhyggja, vari
<i>I want some brandy</i>	eg vil fá brennivín	<i>take care</i>	takid vara
<i>fill my flask with brandy</i>	fyllið flöskuna mína með brennivíni	<i>carriage</i>	vagn
<i>bread</i>	brauð	<i>to carry</i>	að bera
<i>breakfast</i>	morgunverður	<i>carry this</i>	berið þetta
<i>I want to breakfast</i>	eg vil fá morgunverð	<i>cartridge</i>	skotmanns veski
<i>bridge</i>	brú	<i>cattle</i>	nautpeningur
<i>bring</i>	bera, færa	<i>certain</i>	viss
<i>bring me</i>	færið mér	<i>chair</i>	stóll
<i>bring me some</i>	færið mér nokkuð	<i>chamber pot</i>	náttpottur
<i>a brush</i>	bursti	<i>change</i>	skipti
<i>brush my clothes</i>	burstið fötin mín	<i>give me change</i>	gefið mér skipti
<i>but</i>	en	<i>to charge</i>	að setja upp, heimta
<i>butter</i>	smjör	<i>what do you charge</i>	hvað setið þér upp?
<i>to buy</i>	að kaupa	<i>cheap</i>	ódyr
<i>by</i>	hjá, með, af	<i>cheese</i>	ostur
<i>by and by</i>	við og við, bráðum	<i>chest</i>	kista
<i>by all means</i>	fyrir alla muni	<i>- of drawers</i>	dragkista
<i>by no means</i>	fyrir engan mun, engan veginn	<i>chicken</i>	hænuungi, kjúklingur
<i>cabbage</i>	kál	<i>child</i>	barn
<i>cabbin</i>	káhetta	<i>church</i>	kirkja
<i>to call</i>	að kalla	<i>chymist</i>	efnafræðingur
<i>call the waiter</i>	kallið á þjóninn	<i>cigar</i>	vindill
<i>call the man</i>	kallið á manninn	<i>city</i>	bær, staður
<i>what do you call that?</i>	hvað kallið þér það?	<i>clean</i>	hreinn
<i>can</i>	að geta, eg get	<i>cloak</i>	kápa
<i>can you</i>	getið þér?	<i>clock</i>	klukka
		<i>closet</i>	afhús
		<i>coach</i>	vagn
		<i>coat</i>	frakki
		<i>coffee</i>	kaffi
		<i>give me some coffee</i>	gefið mér kaffi
		<i>coffee-house</i>	kaffihús

<i>cold</i>	kaldur	<i>at day break</i>	í dögum
<i>I feel very cold</i>	mér er mjög kalt	<i>dear</i>	dýr
<i>comb</i>	kambur	<i>this is very dear</i>	þetta er mjög dýrt
<i>to come</i>	að koma	<i>delightful</i>	yndislegur
<i>come here</i>	komið hér	<i>dentist</i>	tannlæknir
<i>come with me</i>	komið með mér	<i>departure</i>	burtför
<i>a conveyance</i>	flutningur	<i>descend</i>	fara niður
<i>to cook</i>	að elda	<i>let us descend</i>	förum niður
<i>cost</i>	kosta	<i>dialect</i>	mállýzka
<i>what does it cost?</i>	hvað kostar það	<i>what dialect do they speak here?</i>	hvaða mállýzku tala þeir hér?
<i>country</i>	land	<i>difficult</i>	örðugur
<i>courier</i>	hraðsendiboði	<i>dinner</i>	miðdagsverður
<i>cow</i>	kýr	<i>I want to dine</i>	eg vil fá miðdagsverð
<i>cream</i>	rjómi	<i>distance</i>	fjarlægð, vegalengd
<i>give me some cream</i>	gefið mér rjóma	<i>what is the distance?</i>	hvað er vegalengdin?
<i>cup</i>	bolli	<i>to do</i>	að gjöra
<i>cup and saucer</i>	bolli og undirskál	<i>do this</i>	gjörið þetta
<i>to cut</i>	að skera	<i>do that</i>	gjörið hitt
<i>cut it</i>	að skera það	<i>do it</i>	gjörið það
<i>damp</i>	rakur, votur	<i>do me</i>	gjörið fyrir mig
<i>I hope the sheets are not damp</i>	eg vona, að rekkvoðirnar sé ekki rakar	<i>dont do it</i>	gjörið það ekki
<i>danish</i>	danska	<i>the doctor</i>	læknirinn
<i>do you speak danish</i>	talið þér dönsku?	<i>dog</i>	hundur
<i>what is that called in danish</i>	hvað er það kallad á dönsku?	<i>door</i>	dýr
<i>I do not speak danish</i>	eg tala ekki dönsku	<i>to doubt</i>	að efa
<i>I understand a little danish</i>	eg skil dálítið í dönsku	<i>I doubt it</i>	eg efa það
<i>dark</i>	dimmur	<i>down</i>	niður
<i>day</i>	dagur	<i>let us go down</i>	förum niður
<i>to-day</i>	í dag	<i>drawers</i>	nærbuxur
		<i>to dress</i>	að klæða sig
		<i>to drink</i>	að drekka
		<i>I want to drink</i>	eg vil fá að drekka
		<i>dry</i>	þur
		<i>each</i>	hver
		<i>eagle</i>	örn

<i>early</i>	semma	<i>field</i>	engi
<i>earth</i>	jörð	<i>finger</i>	finger
<i>east</i>	austur	<i>fire</i>	eldur
<i>east wind</i>	austanvindur	<i>let us make</i>	kveykjum upp
<i>easy</i>	auðveldur, hæ- gur	<i>a fire</i>	eld
<i>to eat</i>	að eta, borða	<i>I want some</i>	eg vil fá eld
<i>I want to</i>	eg vil fá að	<i>fire</i>	
<i>eat</i>	borða	<i>a fish</i>	fiskur
<i>let us eat</i>	látum oss	<i>to fish</i>	að fiska
	borða	<i>let us catch a</i>	látum oss
<i>have you any-</i>	hafið þér nokk-	<i>fish</i>	veiða fisk
<i>thing to eat?</i>	uð að	<i>my fishing rod</i>	fiskistöngin
	borða?		mín
<i>egg</i>	egg	<i>flask</i>	flaska, púður- horn
<i>give me two</i>	gefið mér tvö	<i>fog</i>	þoka
<i>eggs</i>	egg	<i>foot</i>	fótur
<i>to engage</i>	að festa	<i>my foot is</i>	fóturinn á mér
<i>engage a guide</i>	festa fylgdar- mann	<i>sore</i>	er viðkvæmur
<i>enough</i>	nóg	<i>for</i>	þvíað
<i>evening</i>	kvöld	<i>fork</i>	gaffall
<i>every</i>	sérhver	<i>free</i>	frjáls
<i>every day</i>	sérhvern dag	<i>fruit</i>	ávöxtur
<i>eye</i>	auga	<i>full</i>	fullur
<i>my eye pains</i>	mér er illt í auganu	<i>game</i>	veiði
<i>face</i>	andlit	<i>its there any</i>	er nokkur-
<i>far</i>	langt	<i>game here?</i>	veiði hér
<i>is it far from</i>	er það langt	<i>german</i>	þýzkur
<i>here?</i>	hédan?	<i>to get</i>	að fá, útvega
<i>how far is it</i>	hvað langt er	<i>get me</i>	útvegið mér
<i>from here?</i>	það hédan?	<i>get it</i>	útvegið það
<i>a farm</i>	bær	<i>gin</i>	einirberja- brennivín
<i>fast</i>	fljótt	<i>to give</i>	að gefa
<i>go faster</i>	gangið fljótar	<i>give me</i>	gefið mér
<i>do not speak</i>	talið ekki	<i>give it</i>	gefið það
<i>so fast</i>	svona fljótt	<i>a glass</i>	glas
<i>faster</i>	fljótar	<i>to go</i>	að ganga, fara, koma
<i>fellow</i>	maður	<i>go with me</i>	komið með mér
<i>you are a good</i>	þér eruð góð-	<i>go away</i>	farið í burtu
<i>fellow</i>	ur maður		

<i>go back</i>	farið aptur	<i>head</i>	höfuð
<i>go down</i>	farið niður	<i>to hear</i>	að heyra
<i>go up</i>	farið upp	<i>do you hear?</i>	heyrið þér
<i>good</i>	góður	<i>heart</i>	hjarta
<i>very good</i>	mikið góður	<i>heat</i>	hiti
<i>better</i>	betri	<i>great heat</i>	mikill hiti
<i>best</i>	bestur	<i>heavy</i>	þungur
<i>be so good</i>	verið svo góður	<i>height</i>	hæð
	ur	<i>what is the</i>	hvað er
<i>have the goodness</i>	gjörið svo vel	<i>height</i>	hæðin?
		<i>help</i>	hjálp
<i>great</i>	mikill	<i>help me</i>	hjálpið mér
<i>a great deal</i>	mikill hluti	<i>give me a help</i>	veitið mér
<i>gun</i>	byssa		hjálp
<i>give me my</i>	fáið mér bys-	<i>hen</i>	hæna
<i>gun</i>	suna mína	<i>here</i>	hér
<i>where is my</i>	hvar er byssan	<i>come here</i>	komið hér
<i>gun?</i>	mín?	<i>high</i>	hár
<i>powder</i>	púður	<i>how high is</i>	hvað hátt er
		<i>it?</i>	það?
<i>hair</i>	hár	<i>hill</i>	hæð
<i>hair brush</i>	hárbursti	<i>to hire</i>	að leigja
<i>half</i>	hálfur	<i>to hold</i>	að halda
<i>ham</i>	hangið svíns-	<i>hold this</i>	haldið á þessu
	læri	<i>home</i>	heimili
<i>hand</i>	hönd	<i>is this your</i>	er þetta yðar
<i>give me your</i>	gefið mér hönd	<i>home?</i>	heimili?
<i>hand</i>	yðar	<i>honest</i>	ráðvundur
<i>hand it me</i>	réttið mér þ	<i>I want an ho-</i>	eg vil fá ráð-
<i>handkerchief</i>	vasaklútur	<i>nest fellow</i>	vandan mann
<i>handsome</i>	fallegur	<i>horse</i>	hestur
<i>harbour</i>	höfn	<i>horseshoe</i>	skeifa
<i>hard</i>	harður	<i>hot</i>	heitur
<i>hare</i>	héri	<i>it is very hot</i>	það er mikið
<i>harness</i>	aktygi		heitt
<i>hat</i>	hattur	<i>I want it hot</i>	eg vil fá það
<i>hatbox</i>	hattaskja		heitt
<i>to have</i>	að hafa	<i>hotel</i>	gestgjafahús
<i>have you?</i>	hafið þér	<i>hour</i>	klukkustund
<i>let me have.</i>	látið mig hafa	<i>house</i>	hús
<i>hay</i>	hey	<i>how</i>	hversu
<i>he</i>	hann	<i>how much</i>	hversu mikið

<i>hunger</i>	hungur	<i>do you know</i>	vitið þér
<i>hungry</i>	hungraður	<i>lake</i>	vatn
<i>I am hungry</i>	eg er hung- raður	<i>lamp</i>	lampi
<i>a hut</i>	kofi	<i>land</i>	land
<i>Ice</i>	ís	<i>landlord</i>	húsbóndi
<i>Iceland</i>	Ísland	<i>language</i>	tunga
<i>an Icelander</i>	Íslendingur	<i>Lapland</i>	Lappland
<i>are you an Icelander?</i>	eruð þér Ís- lendingur?	<i>late</i>	seint
<i>do you speak Icelandic?</i>	talið þér ís- lenzku?	<i>it is very late</i>	það er mjög seint hraun
<i>what do you call this in icelandic?</i>	hvað kallið þér þetta á ís- lenzku?	<i>lava</i>	að leggja
<i>if</i>	ef	<i>to lay</i>	að leggja
<i>ill</i>	illt	<i>lay it down</i>	leggið það- niður
<i>I feel ill</i>	} mér er illt	<i>lay down</i>	leggið niður
<i>I am ill</i>		<i>to lead</i>	að leiða, liggja
<i>fetch a doctor</i>	sækið lækni	<i>does the way lead up?</i>	liggur vegur- inn upp?
<i>in</i>	í, á	<i>lead to right way</i>	leiða á réttan veg
<i>in the city</i>	í bænum	<i>left</i>	vinstri
<i>in the country</i>	á landinu	<i>to the left</i>	til vinstri
<i>indeed</i>	svo! sannarlega	<i>to let</i>	að láta
<i>the inn</i>	veitingahús	<i>let me alone</i>	látið mig vera
<i>inn keeper</i>	veitingamaður	<i>let it be</i>	látið það vera
<i>ink</i>	blek	<i>let me do it</i>	látið mig gjöra það
<i>insect</i>	skorkvikindi	<i>let it be done</i>	látið það vera gjört
<i>iron</i>	járn	<i>letter</i>	bréf
<i>island</i>	ey	<i>any letters for me?</i>	nokkur bréf til mín?
<i>it</i>	það	<i>send the letter to the Post</i>	sendið bréfið á póst húsið
<i>to keep</i>	geyma	<i>life</i>	líf
<i>keep it for me</i>	geymið það fyrir mig	<i>the light</i>	ljósið
<i>key</i>	lykill	<i>bring a light</i>	komið með ljós
<i>knife</i>	hnífur	<i>strike a light</i>	kveikið ljós
<i>give me a knife</i>	ljáið mér hníf	<i>light the candle</i>	kveikið á kert- inu
<i>where is my knife?</i>	hvar er hníf- urinn minn	<i>like</i>	líka, þykja vænt um
<i>to know</i>	að vita, þekkja		
<i>I know</i>	eg veit		

<i>I should like</i>	mér skyldi þykja vænt um	<i>give me some milk</i>	gefið mér mjólk
<i>linnen</i>	línföt	<i>mill</i>	mynla
<i>wash my linnen</i>	þvoid línfötin mín	<i>money</i>	peningar
<i>I want my linnen washed immediately</i>	eg þarf að fá línfötin mín þvegiu undir-eins	<i>moon</i>	máni, tungl
<i>little</i>	lítill	<i>moor</i>	mýri
<i>to live</i>	að lifa	<i>more</i>	meira
<i>liver</i>	lifur	<i>more and more</i>	meira og meira
<i>loaf</i>	brauð	<i>most</i>	mest
<i>lock</i>	lás, skrá	<i>morning</i>	morgun
<i>lock the door</i>	læsið dyrunum	<i>mother</i>	móðir
<i>lodging</i>	leiguherbergi	<i>much</i>	mikið
<i>long</i>	langur, lengi	<i>it is too much</i>	það er of mikið
<i>to look</i>	að líta	<i>much more</i>	mikið meira
<i>looking glass</i>	spégill	<i>so much</i>	svo mikið
<i>to lose</i>	að missa, tína	<i>must. v. aux.</i>	verða, hljóta
<i>I have lost</i>	eg hefi misst	<i>you must do it</i>	þér verðið að gjöra það
<i>have you lost?</i>	hafið þér misst	<i>mustard</i>	mustarður
<i>luggage</i>	farangur	<i>mutton</i>	sauðakjöt
<i>where is my luggage?</i>	hvar er farangurinn minn?	<i>my</i>	minn
<i>to make</i>	að gjöra	<i>nail</i>	nögl
<i>make haste</i>	flýtið yður	<i>name</i>	nafn
<i>man</i>	maður	<i>what is your name?</i>	hvað er nafn yðar?
<i>many</i>	margur	<i>my name is N.</i>	nafn mitt er N
<i>market</i>	markaður	<i>narrow</i>	þröngur
<i>me</i>	mig, mér	<i>nasty</i>	slæmur
<i>meat</i>	kjöt	<i>near</i>	nærri
<i>roast meat</i>	steikt kjöt	<i>it is near?</i>	er það nærri?
<i>boiled meat</i>	soðið kjöt	<i>necessary</i>	naudsynlegur
<i>to meet</i>	að mæta	<i>needle</i>	nál
<i>meet me</i>	mætið mér	<i>neither</i>	hvorki
<i>merchant</i>	kaupmaður	<i>neither-nor</i>	hvorki-né
<i>milk</i>	mjólk	<i>never</i>	aldrei
<i>have you any milk?</i>	hafið þér nokkra mjólk	<i>new</i>	nýr
		<i>news</i>	tíðindi
		<i>next</i>	næst
		<i>night</i>	nótt
		<i>last night</i>	í gærkvöldi
		<i>no</i>	enginn

<i>no one</i>	enginn	<i>pear</i>	pera
<i>nobody</i>	enginn maður	<i>pen</i>	penni
<i>n r</i>	norður	<i>penknife</i>	pennahnífur
<i>north wind</i>	norðan vindur	<i>pencil</i>	ritblý
<i>not</i>	ekki	<i>people</i>	lýður
<i>not yet</i>	ekki enn þá	<i>pepper</i>	pipar
<i>now</i>	nú	<i>perhaps</i>	ef til vill
<i>oats</i>	hafrar	<i>person</i>	maður
<i>to oblige</i>	hjálpa um	<i>a pin</i>	títuprjónn
<i>oblige me</i>	hjálpið mér um	<i>pipe</i>	pípa
<i>ocean</i>	haf	<i>pistol</i>	smábyssa
<i>off</i>	burtu	<i>place</i>	staður
<i>far off</i>	langt í burtu	<i>plate</i>	diskur
<i>often</i>	opt	<i>poor</i>	fátækur, vesall
<i>oil</i>	olía, lýsi	<i>pork</i>	svínakjöt
<i>old</i>	gamall	<i>porter</i>	burðarmaður
<i>omlet</i>	eggjakaka	<i>portmanteau</i>	ferðataska
<i>on</i>	á	<i>post</i>	póstur
<i>only</i>	einungis	<i>where is the post office?</i>	hvar er póst- skrifstofan?
<i>open</i>	opinn	<i>postage</i>	burðareyrir
<i>or</i>	eða	<i>potatoe</i>	jarðepli, kart- apla
<i>an orange</i>	apelsína	<i>powder</i>	púður
<i>other</i>	annarr	<i>pronounce</i>	bera fram
<i>the other man</i>	hinna maðurinn	<i>pronouncee this</i>	berið þér þetta
<i>the other day</i>	um daginn	<i>to me</i>	fram fyrir mig
<i>each other</i>	hver annan	<i>provisions</i>	matvæli, nesti
<i>out</i>	út	<i>to put</i>	að setja
<i>out of</i>	út úr	<i>put it down</i>	setið það niður
<i>over</i>	yfir	<i>put it there</i>	setið það þarna
<i>ox</i>	uxi	<i>quick</i>	fljótur
<i>to pack</i>	að láta uppá	<i>railway</i>	járnbraut
<i>the mules</i>	úlfaldarnir	<i>rain</i>	regn
<i>paper</i>	pappír	<i>rain water</i>	regnvatn
<i>to pay</i>	að borga	<i>it is a rainy day</i>	það er rignin- gar dagur í dag
<i>I want to pay</i>	eg ætla að borga?	<i>rainy</i>	regnlegur
<i>what have I to pay?</i>	hvað á eg að borga	<i>will it rain?</i>	ætla hann að rigna?
<i>peak</i>	tindur		
<i>can we ascent the peak?</i>	getum við farið uppá tindinn		

<i>raw</i>	hrár	<i>let us see</i>	látum oss sjá
<i>to read</i>	að lesa	<i>to send</i>	að senda
<i>read it to me</i>	lesið það fyrir mig	<i>send it away</i>	sendið það í burtu
<i>ready</i>	tilbúinn	<i>servant</i>	þjónn
<i>is every thing ready?</i>	er allt tilbúið?	<i>to set</i>	að setja
<i>are you ready?</i>	eruð þér tilbúinn	<i>set it down</i>	setið það niður
<i>rest</i>	hvíld	<i>to sew</i>	að sauma
<i>let us rest here</i>	við skulum hvíla hérna	<i>to shave</i>	að raka
<i>to return</i>	að fara aftur	<i>she</i>	hún
<i>rich</i>	ríkur	<i>ship</i>	skip
<i>ride</i>	ríða	<i>shirt</i>	skirta
<i>I will ride</i>	eg vil ríða	<i>shoe</i>	skór
<i>rifle</i>	kúlubýssa	<i>shoemaker</i>	skóari
<i>right</i>	réttur	<i>sick</i>	sjúkur
<i>is this right?</i>	er þetta rétt	<i>to sit</i>	að sitja
<i>is it the right way?</i>	er þetta sá rétti vegur?	<i>to sleep</i>	að sofa
<i>to the right</i>	til hægri	<i>sleep</i>	svefn
<i>ripe</i>	þroskaður	<i>slow</i>	seinn
<i>river</i>	á	<i>small</i>	lítill
<i>road</i>	vegur	<i>to smook</i>	að reykja
<i>the high road</i>	alfaravegur	<i>soap</i>	sápa
<i>rough</i>	ósléttur	<i>soon</i>	bráðum
<i>a rough road</i>	ósléttur vegur	<i>speak</i>	tala
<i>rum</i>	romm	<i>do you speak english?</i>	talið þér ensku?
<i>to run</i>	að hlaupa	<i>or french</i>	eða fransknesku
<i>saddle</i>	hnakkur, söðull	<i>or icelandic</i>	eða íslenzku
<i>saddlebags</i>	hnakkpoki	<i>or danish?</i>	eða dönsku?
<i>horse</i>	hestur	<i>I do not speak</i>	eg tala ekki
<i>salt</i>	salt	<i>I speak a little</i>	eg tala dálítið
<i>have you any salt?</i>	hafið þér nokkuð salt?	<i>speak slowly</i>	talið hægt
<i>sand</i>	sandur	<i>spoon</i>	skeið, spónn
<i>to say</i>	að segja	<i>steamer</i>	gufuskip
<i>the sea</i>	sjórinn	<i>steel</i>	stál
<i>the sea bird</i>	sjófuglinn	<i>stocking</i>	sokkur
<i>the sea shore</i>	sjáfarströndin	<i>stone</i>	steinn
<i>to see</i>	að sjá	<i>straw</i>	strá
		<i>street</i>	stræti
		<i>strong</i>	sterkur
		<i>stupid</i>	heimskur

<i>sugar</i>	síkur	<i>towel</i>	handklæði
<i>sun</i>	sól	<i>town</i>	bær, staður
<i>supper</i>	kvöldverður	<i>travel</i>	ferð
<i>sweet</i>	sætur	<i>trousers</i>	buxur
<i>to swim</i>	að synda	<i>true</i>	sannur
<i>table</i>	borð	<i>trunk</i>	koffort
<i>the tailor</i>	skraddarinn	<i>under</i>	undir
<i>to take</i>	að taka	<i>understand</i>	skilja
<i>take me,</i>	takið mig	<i>do you understand me?</i>	skilið þér mig?
<i>take it</i>	takið það	<i>I do not understand you</i>	eg skil yður ekki
<i>tea</i>	tevatn	<i>can you understand?</i>	getið þér skilið?
<i>a cup of tea</i>	tevatnsbolli	<i>not much</i>	ekki mikið
<i>have you any tea</i>	hafið þér nokkuð tevatn	<i>only a little</i>	einungisdálltið
<i>hot tea</i>	heitt tevatn	<i>until</i>	til
<i>cold tea</i>	kalt tevatn	<i>up</i>	upp
<i>tea spoon</i>	teskeið	<i>up the hill</i>	upp hæðina
<i>to tell</i>	að segja	<i>up the stream</i>	upp eptir fljótinu
<i>tell me</i>	segið mér	<i>upon</i>	á
<i>I tell you</i>	eg segi yður	<i>vegetables</i>	kálmeti
<i>tent</i>	tjald	<i>very</i>	mjög
<i>thanks</i>	þakkir	<i>the waiter</i>	þjónninn
<i>many thanks</i>	margfaldar þakkir	<i>to walk</i>	að ganga
<i>I thank you that</i>	eg þakka yður að	<i>warm</i>	heitur
<i>theatre</i>	leikhús	<i>to wash</i>	að þvo
<i>then</i>	þá	<i>the washing</i>	þvotturinn
<i>there</i>	þar	<i>the watch</i>	úrið
<i>thick.</i>	þykkur	<i>water</i>	vatn
<i>thin</i>	þunnur	<i>give me some water</i>	gefið mér vatn
<i>thirsty</i>	þyrstar	<i>the water closet</i>	náðhúsið
<i>I am very thirsty</i>	eg er mikið þyrstur	<i>the way</i>	vegurinn
<i>this time</i>	þessi tími	<i>show me the way</i>	visið mér veginn
<i>what is the time?</i>	hvað er framorðið?	<i>which way must I go?</i>	hvaða veg verð eg að fara?
<i>to</i>	til, í, á	<i>which is the way to?</i>	hvar er veginn til?
<i>to-day</i>	í dag		
<i>to-morrow</i>	á morgun		
<i>tobacco</i>	tóbak		

<i>we</i>	vér, við	<i>window</i>	gluggi
<i>weather</i>	veður	<i>wine</i>	vín
<i>will it be fair weather?</i>	ætli það verði gott veður	<i>have you any wine?</i>	hafið þér nokkuð vín
<i>will it be bad weather?</i>	ætli það verði vont veður	<i>Portwine or Sherry?</i>	portvín eða sérrí
<i>well</i>	gott, góður, frískur	<i>with</i>	með
<i>I am not well</i>	eg er ekki góður, frískur	<i>without</i>	án
<i>west</i>	vestur	<i>woman</i>	kona
<i>wet</i>	votur	<i>wood</i>	skógur, viður
<i>what</i>	hvað	<i>to write</i>	að skrifa
<i>where</i>	hvar	<i>to write a letter</i>	að skrifa bréf
<i>when</i>	hvenær	<i>year</i>	ár
<i>which</i>	hver, hvaða	<i>yes</i>	já
<i>why?</i>	því	<i>yet</i>	enn, ennþá
<i>will you</i>	vilið þér	<i>you</i>	þér
<i>wild</i>	viltur	<i>you are</i>	þér eruð
<i>wind</i>	vindur	<i>are you?</i>	eruð þér?
		<i>yourself</i>	þér sjálfur

II. Necessary Questions.

<i>I want</i>	Mig vantar, eg þarf, eg vil fá	<i>some brandy</i>	brennivín, koníakk
